# Hampiðjan hf.

## Árshlutareikningur 30. júní 2003

# Árshlutareikningur 30. júní 2003

| **Efnisyfirlit:** | **Bls.** |
|---|---|
| Áritun stjórnenda............................................................................................... | 1 |
| Áritun endurskoðenda....................................................................................... | 2 |
| Rekstrarreikningur............................................................................................. | 3 |
| Efnahagsreikningur........................................................................................... | 4 - 5 |
| Sjóðstreymi....................................................................................................... | 6 |
| Skýringar............................................................................................................ | 7 - 12 |

Hampiðjan hf.
kt. 590169-3079
Bíldshöfða 9
Reykjavík

# Áritun stjórnenda

Árshlutareikningur félagsins og samstæðureikningur þess með dótturfélögum eru í meginatriðum gerðir eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árshlutareikningur þess árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður félagsins á tímabilinu kr. 156 milljónir og eigið fé í lok þess kr. 1.992 milljónir. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um rekstur félagsins á tímabilinu og fjárhagsstöðu í lok þess.

Stjórn og forstjóri Hampiðjunnar hf. staðfesta hér með árshlutareikninginn fyrir tímabilið janúar til júní 2003 með undirritun sinni.

Reykjavík 27. ágúst 2003

Stjórn:

Bragi Hannesson

Kristján Loftsson

Sigurður Egill Guttormsson

Sigurgeir Guðmannsson

Forstjóri:

Jón Guðmann Pétursson

# Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Hampiðjunnar hf.

Við höfum kannað árshlutareikning þennan fyrir Hampiðjuna hf., tímabilið 1. janúar til 30. júní 2003, sem inniheldur rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Könnun okkar fól í sér skoðun helstu gagna sem árshlutareikningurinn er byggður á, spurningar til starfsmanna fyrirtækisins og greiningu á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna. Slík könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun, sem framkvæmd er eftir góðri endurskoðunarvenju og hefur það að markmiði að láta í ljós álit á reikningsskilum í heild. Þar af leiðandi látum við slíkt álit ekki í ljós.

Hins vegar getum við staðfest að ekkert kom fram við könnun okkar sem benti til annars en að árshlutareikningurinn sé gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík 27. ágúst 2003

**PricewaterhouseCoopers hf.**

Ómar H. Björnsson

Þórir Ólafsson

# Rekstrarreikningur 2003

| | Skýr. | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | **2003** | 2002 | **2003** | 2002 |
| | | **1.1. - 30.06** | 1.1. - 30.06 | **1.1. - 30.06** | 1.1. - 30.06 |
| **Rekstrartekjur** | | | | | |
| Seldar vörur og þjónusta.................................... | | **2.163.048** | 2.182.120 | **869.803** | 1.002.565 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | |
| Hráefni og birgðabreyting afurða........................ | | **1.007.148** | 1.070.706 | **388.121** | 486.488 |
| Vinnulaun við framleiðslu.................................. | | **401.950** | 427.019 | **192.639** | 198.976 |
| Önnur rekstrargjöld........................................... | | **522.526** | 473.090 | **184.919** | 186.010 |
| | | **1.931.624** | 1.970.815 | **765.679** | 871.474 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir** | | **231.424** | 211.305 | **104.124** | 131.091 |
| Afskriftir fastafjármuna...................................... | 4,9 | **(78.913)** | (80.702) | **(29.019)** | (31.031) |
| **Rekstrarhagnaður** | | **152.511** | 130.603 | **75.105** | 100.060 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | | |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld...................... | 7 | **(22.036)** | 133.135 | **3.509** | 157.483 |
| Áhrif af rekstri dótturfélaga................................ | | | | **27.699** | (19.758) |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga.......................... | 11 | **75.704** | | **75.704** | |
| **Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld** | | **206.179** | 263.738 | **182.017** | 237.785 |
| **Aðrar tekjur (gjöld)** | | | | | |
| Aðrar tekjur (gjöld)............................................. | | | (49.097) | | |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | **206.179** | 214.641 | **182.017** | 237.785 |
| Eignarskattur...................................................... | | **(1.780)** | (2.185) | **(1.700)** | (2.185) |
| Tekjuskattur........................................................ | 17 | **(24.900)** | (32.422) | **(23.919)** | (44.666) |
| **Hagnaður eftir skatta** | | **179.499** | 180.034 | **156.398** | 190.934 |
| Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga.......... | | **(23.101)** | 10.900 | | |
| **Hagnaður tímabilsins** | | **156.398** | 190.934 | **156.398** | 190.934 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2003

## Eignir

| | Skýr. | Samstæða 2003 | Samstæða 2002 | Móðurfélag 2003 | Móðurfélag 2002 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | | | |
| Viðskiptavild | 8 | **210.057** | 209.624 | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | | | |
| Fasteignir | 9 | **1.405.806** | 1.364.833 | **632.551** | 638.298 |
| Vélar, áhöld og tæki | 9 | **681.650** | 667.242 | **393.914** | 403.904 |
| | | **2.087.456** | 2.032.075 | **1.026.465** | 1.042.202 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 10-12 | **800.774** | 661.359 | **1.604.141** | 1.418.057 |
| Lán til dótturfélaga | | | | **138.059** | 128.700 |
| Skuldabréf og langtímakröfur | | **178.628** | 180.908 | **168.121** | 169.737 |
| | | **979.402** | 842.267 | **1.910.321** | 1.716.494 |
| **Fastafjármunir samtals** | | **3.276.915** | 3.083.966 | **2.936.786** | 2.758.696 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Birgðir | 13 | **1.450.047** | 1.322.841 | **477.877** | 487.522 |
| Viðskiptakröfur | 14 | **887.058** | 987.855 | **210.949** | 252.347 |
| Viðskiptakröfur á dótturfélög | | | | **352.923** | 270.308 |
| Aðrar skammtímakröfur | | **45.549** | 29.118 | **8.737** | 8.605 |
| Handbært fé | | **101.566** | 139.714 | **22.460** | 13.109 |
| **Veltufjármunir samtals** | | **2.484.220** | 2.479.528 | **1.072.946** | 1.031.891 |
| **Eignir samtals** | | **5.761.135** | 5.563.494 | **4.009.732** | 3.790.587 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2003

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | Samstæða 2003 | Samstæða 2002 | Móðurfélag 2003 | Móðurfélag 2002 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | | |
| Hlutafé | 15 | **494.125** | 494.125 | **494.125** | 494.125 |
| Annað eigið fé | 16 | **1.497.497** | 1.373.023 | **1.497.497** | 1.373.023 |
| **Eigið fé samtals** | 16 | **1.991.622** | 1.867.148 | **1.991.622** | 1.867.148 |
| Hlutdeild minnihluta | 3 | **394.386** | 352.163 | | |
| **Skuldir og skuldbindingar** | | | | | |
| Skuldbindingar: | | | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | 17 | **214.452** | 202.704 | **215.504** | 205.367 |
| Langtímaskuldir | 18 | **1.229.430** | 1.402.854 | **641.297** | 726.933 |
| Skammtímaskuldir: | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | **690.947** | 525.840 | **593.746** | 461.578 |
| Viðskiptaskuldir | | **919.280** | 894.553 | **154.199** | 168.390 |
| Skuld við dótturfélög | | | | **221.185** | 185.433 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 18 | **272.550** | 256.714 | **148.693** | 149.780 |
| Opinber gjöld | | **48.468** | 61.518 | **43.486** | 25.958 |
| | | **1.931.245** | 1.738.625 | **1.161.309** | 991.139 |
| **Skuldir samtals** | | **3.375.127** | 3.344.183 | **2.018.110** | 1.923.439 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | **5.761.135** | 5.563.494 | **4.009.732** | 3.790.587 |
| Veðsetningar og ábyrgðaskuldbindingar | 19-22 | | | | |

# Sjóðstreymi 2003

| | Skýr. | Samstæða 2003 1.1. - 30.06 | Samstæða 2002 1.1. - 30.06 | Móðurfélag 2003 1.1. - 30.06 | Móðurfélag 2002 1.1. - 30.06 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | **156.398** | 190.934 | **156.398** | 190.934 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Afskriftir | 9 | **78.913** | 80.702 | **29.019** | 31.031 |
| Hækkun (lækkun) tekjuskattsskuldbindingar | 17 | **11.014** | 8.187 | **10.137** | 21.314 |
| Verðb. og gengismunur af langtímask. og kröfum | | **9.298** | (110.284) | **(22.575)** | (101.687) |
| Hlutdeild í afkomu dótturfélaga | | | | **(27.699)** | 19.758 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 11 | **(55.143)** | | **(55.143)** | |
| Hagnaður af sölu eigna | | **(1.896)** | (53.423) | | (51.448) |
| **Veltufé frá rekstri** | | **198.584** | 116.116 | **90.137** | 109.902 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | |
| Lækkun (hækkun) skammtímakrafna | | **135.909** | (89.255) | **(31.020)** | (37.575) |
| Lækkun (hækkun) birgða | | **(9.380)** | 178.335 | **9.645** | 63.318 |
| (Lækkun) hækkun skammtímaskulda | | **(128.104)** | 6.689 | **22.369** | (71.581) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | **197.009** | 211.885 | **91.131** | 64.064 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | |
| Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum | | **(93.957)** | (18.155) | **(93.957)** | (18.155) |
| Seldir eignarhlutar í öðrum félögum | | | 101.500 | | 101.500 |
| Hluthafalán, breyting | | | | **(5.672)** | 5.274 |
| Skuldabréf og langtímakröfur, breyting | | **1.067** | 13.191 | **1.416** | 13.191 |
| Langtímakostnaður | | | (147.356) | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | 9 | **(35.980)** | (34.091) | **(13.282)** | (10.711) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 9 | **8.595** | 31.970 | | |
| | | **(120.275)** | (52.941) | **(111.495)** | 91.099 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Skammtímalán, hækkun (lækkun) | | **155.403** | 13.268 | **148.888** | (18.556) |
| Tekin ný langtímalán | | **10.805** | | | |
| Afborgun langtímalána | 18 | **(236.632)** | (100.294) | **(69.761)** | (79.444) |
| Keypt eigin hlutabréf | | | (4.200) | | (4.200) |
| Arður greiddur til hluthafa | | **(49.412)** | (39.610) | **(49.412)** | (39.610) |
| | | **(119.836)** | (130.836) | **29.715** | (141.810) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | **(43.102)** | 28.108 | **9.351** | 13.353 |
| Handbært fé í byrjun árs | | **144.668** | 78.245 | **13.109** | 361 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | **101.566** | 106.353 | **22.460** | 13.714 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

1. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og hefur að geyma reikningsskil samstæðunnar og móðurfélagsins. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

**Matsaðferðir**

2. Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem þeim tengjast. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða innlausn, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Árshlutareikningur samstæðu**

3. Árshlutareikningur samstæðu Hampiðjunnar hf. innifelur árshlutareikninga Hampiðjunnar hf., og dótturfélaga hennar. Dótturfélögin eru, Balmar Fios Portúgal, Cosmos Trawl Danmörku, Hampidjan USA, Hampidjan Namibia, Hampidjan New Zealand, AS Hafi Noregi, Swan Net Gundry Írlandi, Rope Net and Twine Kanada, Neta- og Veiðarfæragerðin hf., Netagerð Vestfjarða hf., og Tben ehf.

Félög sem innifalin eru í samstæðunni uppfylla þau skilyrði að móðurfélagið eða önnur félög innan samstæðunnar hafa yfir að ráða meira en helming af atkvæðavægi innan viðkomandi félags eða hafa á annan hátt vald til þess að hafa veruleg áhrif á stjórnun þess. Dótturfélög eru færð í samstæðureikning frá þeim degi sem stjórnun félaga færast til samstæðunnar og til þess dags sem stjórnun er ekki lengur í höndum hennar. Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr árshlutareikningnum einstakra félaga í samstæðunni en innbyrðis viðskiptum, inneignum, skuldum og óinnleystum hagnaði er eytt í samstæðunni.

Áhrif móðurfélags og dótturfélaga á árshlutareikninginn er sem hér segir:

| | Hagnaður | Bókf. eigið fé |
|---|---|---|
| Móðurfélag, Hampiðjan hf. | 128.699 | 1.164.749 |
| Samtals eigið fé dótturfélaga | | 1.221.259 |
| Hlutdeild minnihluta | | (394.386) |
| Hluti í afkomu dótturfélaga | 27.699 | |
| Samstæða | 156.398 | 1.991.622 |

**Varanlegir rekstrarfjármunir**

4. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kaupverði að frádregnum afskriftum, þó með því fráviki að kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna sem keyptir voru árið 2001 og fyrr, hefur verið framreiknað til árslokaverðlags 2001. Varanlegir rekstrarfjármunir erlendu dótturfélaganna eru eignfærðir miðað við gengi í lok tímabilsins. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti af kaupverði miðað við áætlaðan nýtingartíma þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími og niðurlagsverð greinist þannig:

| | Nýtingartími | Niðurlagsverð |
|---|---|---|
| Fasteignir | 20 - 100 ár | 10% |
| Vélar og áhöld | 4 - 12 ár | 0 - 12% |

**Erlendir gjaldmiðlar**

5. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok tímabilsins og áfallinn gengismunur á höfuðstól peningalegra eigna og skulda móðurfélagsins er færður í rekstrarreikning. Rekstrartekjur og -gjöld erlendu dótturfélaganna eru færð á meðalgengi tímabilsins. Þýðingarmunur vegna yfirfærslu reikningsskila erlendra dótturfélaga í íslenskar krónur er færður á sérstakan reikning meðal eiginfjárliða.

## Laun og launatengd gjöld

6. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Laun | 552.717 | 222.171 |
| Launatengd gjöld | 74.748 | 32.434 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 627.464 | 254.605 |
| | | |
| Meðalfjöldi starfsmanna á tímabilinu | 418 | 144 |

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) sundurliðast þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Vextir, verðbætur og gengismunur langtímaskulda | (24.316) | 2.680 |
| Vaxtagjöld skammtímaskulda að frádregnum vaxtatekjum | 1.723 | 272 |
| Arður af eignarhlutum | 557 | 557 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals | (22.036) | 3.509 |

## Fastafjármunir

8. Á liðinn viðskiptavild hefur verið fært yfirverð vegna kaupa á hlutabréfum í dótturfélögum. Viðskiptavildin afskrifast á fimm til tuttugu árum og sundurliðast þannig:

| | Samstæða |
|---|---|
| Viðskiptavild í byrjun árs | 209.624 |
| Gengismunur | 6.716 |
| Afskrifað á tímabilinu | (6.283) |
| Viðskiptavild í lok tímabilsins | 210.057 |

9. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| **Samstæða:** | Fasteignir | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun | 1.925.989 | 1.874.327 | 3.800.316 |
| Gengismunur | 29.211 | 17.223 | 46.434 |
| Viðbót á tímabilinu | 6.990 | 28.990 | 35.980 |
| Selt og niðurlagt á tímabilinu | (11.295) | (2.227) | (13.522) |
| Stofnverð í lok tímabilsins | 1.950.895 | 1.918.313 | 3.869.208 |
| | | | |
| Afskrifað áður | 522.961 | 1.172.358 | 1.695.319 |
| Gengismunur | 4.904 | 10.994 | 15.898 |
| Selt og niðurlagt á tímabilinu | (1.327) | (768) | (2.095) |
| Afskrifað á tímabilinu | 18.551 | 54.079 | 72.630 |
| Afskrifað samtals | 545.089 | 1.236.663 | 1.781.752 |
| | | | |
| Bókfært verð í lok tímabilsins | 1.405.806 | 681.650 | 2.087.456 |

| **Móðurfélag:** | Fasteignir | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun | 1.000.447 | 1.172.858 | 2.173.305 |
| Viðbót á tímabilinu | | 13.282 | 13.282 |
| Stofnverð í lok tímabilsins | 1.000.447 | 1.186.140 | 2.186.587 |
| | | | |
| Afskrifað áður | 362.149 | 768.954 | 1.131.103 |
| Afskrifað á tímabilinu | 5.747 | 23.272 | 29.019 |
| Afskrifað samtals | 367.896 | 792.226 | 1.160.122 |
| | | | |
| Bókfært verð í lok tímabilsins | 632.551 | 393.914 | 1.026.465 |

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna | 72.630 | 29.019 |
| Afskrift viðskiptavildar | 6.283 | |
| Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi | 78.913 | 29.019 |

## Eignarhlutir í öðrum félögum

10. Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

| | Hlutdeild móðurfélags | Samstæða Nafnverð | Samstæða Bókfært verð | Móðurfélag Nafnverð | Móðurfélag Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|---|
| **Erlend dótturfélög** | | | | | |
| Balmar Fios, Portúgal | 90% | | | 78.723 | 239.951 |
| Hampidjan Namibia | 100% | | | 7.104 | 61.215 |
| Swan Net - Gundry, Írlandi | 51% | | | 316 | 275.558 |
| Hampidjan USA | 100% | | | 67 | 63.758 |
| Hampidjan New Zealand | 100% | | | 11.166 | 49.948 |
| Cosmos Trawl, Danmörku | 60% | | | 116.533 | 117.557 |
| AS Hafi ltd., Noregi | 66% | | | 1.289 | 5.517 |
| Rope, Net and Twine ltd | 80% | | | 5 | 877 |
| Samtals | | | | 215.203 | 814.381 |
| **Innlend dótturfélög** | | | | | |
| Neta- og veiðarfæragerðin ehf | 69% | | | 963 | 10.941 |
| Netagerð Vestfjarða hf | 60% | | | 20.000 | 1.399 |
| Tben ehf | 60% | | | 7.500 | 153 |
| Candís ehf | 100% | 500 | 3.182 | 500 | 3.182 |
| Samtals | | 500 | 3.182 | 28.963 | 15.675 |
| **Hlutdeildarfélög** | | | | | |
| Grandi hf | 10% | 137.075 | 618.145 | 137.075 | 618.145 |
| Vaki - DNG hf | 26% | 16.961 | 22.972 | 16.961 | 22.972 |
| Samtals | | 154.036 | 641.117 | 154.036 | 641.117 |
| **Önnur félög** | | | | | |
| Scandsea AB | 1% | 320 | 46.446 | 320 | 46.446 |
| Set ehf | 8% | 783 | 7.528 | 783 | 7.528 |
| Fiskeldi Eyjafjarðar hf | | 4.661 | 7.554 | 4.661 | 7.554 |
| Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar hf | 20% | 8.401 | 23.296 | 8.401 | 23.296 |
| Netagerð Aðalsteins ehf | 20% | 163 | 6.000 | 163 | 6.000 |
| Samherji hf | | 3.000 | 29.638 | 3.000 | 29.638 |
| Síldarvinnslan hf | | 2.000 | 10.241 | 2.000 | 10.241 |
| Önnur félög | | 23.581 | 25.772 | 1.802 | 2.265 |
| Samtals | | 42.909 | 156.475 | 21.130 | 132.968 |
| Eignarhlutir samtals | | 197.445 | 800.774 | 419.332 | 1.604.141 |

Reikningsskil samstæðunnar innihalda í fyrsta sinn dótturfélögin Rope Net & Twine ltd. í Kanada, Neta- og Veiðarfæragerðina hf., Netagerð Vestfjarða hf. og Tben ehf. Eignir og skuldir koma inn í samstæðuna í byrjun ársins, sem ekki eru inn í samanburðartölum vegna fyrra árs, en eru hins vegar í upphæðum frá fyrra ári í skýringum og sjóðstreymi.

Eignarhlutir í Granda hf. og Vaka DNG hf. eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Aðrir eignarhlutir eru færðir á framreiknuðu kaupverði til byrjunar ársins 2002, en án framreiknings eftir það.

11. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögunum Granda hf og Vaka DNG hf. eru færðir til eignar með þeirri fjárhæð er svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra. Hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga er færð í rekstrarreikning. Árshlutareikningur Vaka DNG fyrir þetta tímabil lá ekki fyrir við gerð þessa árshlutareiknings og ársreikningur Vaka DNG lá ekki fyrir við gerð ársreiknings fyrir árið 2002 og var því notast við níu mánaða árshlutareikning félagsins í þeim reikningsskilum. Þessi árshlutareikningur inniheldur því rekstur Vaka DNG fyrir tímabilið september 2002 til mars 2003. Hreyfingar ársins á eignarhlutum í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

| | Grandi | Vaki DNG | Samtals |
|---|---|---|---|
| Staða hlutabréfaeignar í ársbyrjun | 513.235 | 22.786 | 536.021 |
| Keypt hlutafé á tímabilinu | 51.672 | | 51.672 |
| Hluti í endurmati á tímabilinu | (1.246) | (473) | (1.719) |
| Arður tímabilsins | (20.561) | | (20.561) |
| Hlutdeild í hagnaði tímabilsins | 75.046 | 659 | 75.704 |
| Eignarhluti í hlutdeildarfélögum í lok tímabilsins | 618.146 | 22.972 | 641.117 |

12. Bókfært verð hlutabréfa í ársreikningnum sem skráð eru í Kauphöll Íslands er kr. 681,1 milljón en markaðsverðmæti þeirra miðað við síðasta skráða viðskiptagengi í lok tímabilsins er kr. 861,1 milljón. Eignarhlutirnir eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð eða kostnaðarverði.

## Birgðir

13. Birgðir eru metnar á framleiðslukostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Framleiðslukostnaðarverð samanstendur af beinum framleiðslukostnaði ásamt öðrum kostnaði sem beint eða óbeint tengist framleiðslu varanna.

## Viðskiptakröfur

14. Viðskiptakröfur eru færðar niður um kr. 40,7 milljónir í efnahagsreikningi móðurfélagsins og um kr. 78,6 milljónir hjá samstæðunni. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslureikningurinn greinist á eftirfarandi hátt:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Niðurfærsla í byrjun árs | 79.965 | 43.832 |
| Endanlega tapaðar kröfur á tímabilinu | (15.173) | (1.074) |
| Breyting niðurfærslu á tímabilinu | 13.858 | (2.039) |
| Niðurfærsla í lok tímabilsins | 78.650 | 40.719 |

## Eigið fé

15. Nafnverð hlutafjár félagsins greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Hlutafé | 500.000 |
| Eigið hlutafé | (5.875) |
| Samtals | 494.125 |

16. Yfirlit yfir eigið fé

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Þýðingar-munur | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 494.125 | 45.466 | 95.374 | (57.650) | 1.289.833 | 1.867.148 |
| Arður til hluthafa | | | | | (49.412) | (49.412) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 156.398 | 156.398 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | | | | (1.718) | (1.718) |
| Þýðingarmunur | | | | 19.206 | | 19.206 |
| Samtals | 494.125 | 45.466 | 95.374 | (38.444) | 1.395.101 | 1.991.622 |

## Skattamál

17. Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði tímabilsins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færist til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrr í skattauppgjöri en í árshlutareikningi. Tekjuskattsskuldbindingin svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

Breyting á tekjuskattsskuldbindingu sundurliðast þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í byrjun árs | 202.704 | 205.367 |
| Tekjuskattur tímabilsins | 24.900 | 23.919 |
| Gengismunur | 4.228 | |
| Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári | (17.380) | (13.782) |
| Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins | 214.452 | 215.504 |

## Langtímaskuldir

18. Yfirlit yfir langtímaskuldir samstæðu og móðurfélags:

| | Vextir | Samstæða | Vextir | Móðurfélag |
|---|---|---|---|---|
| Verðtryggð lán í íslenskum krónum | 6,7% | 53.023 | 6,7% | 24.225 |
| Í erlendum gjaldmiðlum: | | | | |
| Lán í USD | 2,9% | 274.604 | 2,9% | 266.547 |
| Lán í SEK | 4,5% | 34.748 | 4,5% | 34.748 |
| Lán í NOK | 6,7% | 9.492 | 6,7% | 9.492 |
| Lán í JPY | 1,6% | 82.339 | 1,6% | 82.339 |
| Lán í GBP | 5,4% | 49.820 | 5,4% | 49.820 |
| Lán í EUR | 4,0% | 725.389 | 4,2% | 271.431 |
| Lán í CHF | 1,7% | 51.388 | 1,7% | 51.388 |
| Lán í DKK | 7,0% | 221.177 | | |
| | | 1.448.957 | | 765.765 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun | | 1.501.980 | | 789.990 |
| Næsta árs afborgun | | (272.550) | | (148.693) |
| Langtímaskuldir samtals | | 1.229.430 | | 641.297 |

Framangreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir viðkomandi lánaflokka í samræmi við vaxtakjör lána í lok tímabilsins.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| 1. júlí 2003 til 30. júní 2004 | 272.550 | 148.693 |
| 1. júlí 2004 til 31. desember 2004 | 189.653 | 75.071 |
| Árið 2005 | 249.112 | 145.144 |
| Árið 2006 | 235.321 | 139.814 |
| Árið 2007 | 233.684 | 139.425 |
| Árið 2008 | 162.148 | 54.886 |
| Síðar | 159.512 | 86.957 |
| Samtals | 1.501.980 | 789.990 |

## Veðsetningar og ábyrgðaskuldbindingar

19. Á eignum móðurfélags og samstæðunnar hvíla veð til tryggingar skuldum að upphæð kr. 2.017 milljónir. Bókfært verð veðsettra eigna sundurliðast á eftirfarandi hátt:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | Bókfært verð | Veðsetning | Bókfært verð | Veðsetning |
| Fasteignir | 1.298.123 | 1.423.267 | 632.551 | 776.693 |
| Hlutabréf | 376.613 | 418.827 | 376.613 | 418.827 |
| Birgðir og viðskiptakröfur | 329.956 | 174.919 | 329.956 | 174.919 |
| Samtals | 2.004.692 | 2.017.013 | 1.339.120 | 1.370.439 |

20. Hampiðjan hf. ábyrgist greiðslu veðskuldabréfa er fengust við sölu fasteignanna Stakkholts 2 - 4 og Stakkholts 3, sem seld voru árið 1994. Uppreiknaðar eftirstöðvar þeirra með áföllnum vöxtum í lok tímabilsins eru kr. 146 milljónir. Síðasti gjalddagi bréfanna er í maí 2007. Skuldabréfin eru tryggð með 1. til 4. veðrétti fasteignanna. Skuldabréfin eru verðtryggð með lánskjaravísitölu og bera 5% fasta vexti.

21. Hampiðjan hf. hefur skuldbundið sig með kaupréttarsamningi til að selja hlutabréf í félaginu að nafnverði kr. 5.667 þús. á næstu einu til tveim árum á genginu fjórum.

22. Hampiðjan hf. hefur ábyrgst greiðslu langtímaláns og skammtímalána dótturfélagsins Cosmos Trawl sem það tók hjá Jyske Bank á Jótlandi. Upphæð lánanna er kr. 135 milljón í lok tímabilsins.